



**Elín Þorgerður Ólafsdóttir**

Arnarbæli 1B

805 Selfoss

## Fyrirhuguð niðurfelling Arnarbælisvegur (3749-01) af vegaskrá.

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og hefur það hlutverk skv. 7. gr. vegalaga nr. 80/2007, að halda vegaskrá sem er skrá yfir alla þjóðvegi. Með bréfi þessu vill Vegagerðin vekja athygli á ákvæði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga, um héraðsvegi sem er einn flokkur þjóðvega:

*Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.*

Síða 1/2

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 774/2010 um héraðsvegi, með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga, er Vegagerðinni skylt að fella veg úr tölu héraðsvega og afskrá úr vegaskrá uppfylli hann ekki lengur skilyrði vegalaga um þjóðvegi.

Endapunktur Arnarbælisvegur (3749-01) er skráður að Arnarbæli 1. Í ljósi þess að ekki er lengur skráð lögheimili að Arnarbæli 1 er áformað að fella Arnarbælisveg (3749-01) af vegaskrá frá og með næstu áramótum og mun viðhald og þjónusta hans ekki lengur vera á ábyrgð Vegagerðarinnar frá þeim tíma.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar er skráð lögheimili að Arnarbæli 1B og því eru skilyrði fyrir hendi að halda veginum á vegaskrá. Til þess að vegurinn uppfylli kröfur Vegagerðarinnar sem héraðsvegur þarf að fara í lagfæringar á veginum sem liggur að Arnarbæli 1B, þar með talið skilyrði reglugerðar nr. 774/2010 og veghönnunarreglna.

Ef farið verður í framkvæmdir á veginum endurgreiðir Vegagerðin helming af kostnaði vegna vegarins, sbr. 20. gr. laga nr. 80/2007, og mun uppgjör fara fram skv. framlögðum reikningum fyrir útlögðum kostnaði.

Óski landeigandi Arnarbælis 1B eftir því að vegurinn verði áfram á vegaskrá með nýjan endapunkt er hér með er gefinn kostur á að hafa samband við Vegagerðina, á netfangið [feb@vegagerdin.is](mailto:feb@vegagerdin.is), innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

[vegagerdin@vegagerdin.is](mailto:vegagerdin@vegagerdin.is)

Einnig er hægt að senda umsókn um héraðsveg, gögn má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar:

<https://www.vegagerdin.is/vegagerdin/gagnasafn/umsoknir-beidnir-og-styrkir/vegir-umsoknir-og-eydublod/umsokn-um-nyjan-heradsveg>

Afrit sent til sveitarfélagsins [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is)

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Freydís Edda Benediktsdóttir

*Þetta skjal hefur verið samþykkt  
rafrænt*

-----  
Síða 2/2